

Mál nr. 3/2010
Haukar
gegn
Selfoss

Kæra Hauka

1. Dómkröfur (lýsa hvaða kröfur eru gerðar, t.d. leikur dæmdur tapaður 0-3, o.s.frv.)
Krafa að úrslit leiksins verði gerð ómerk og leikurinn endurtekinn á heimavelli kæranda, Ásvöllum.
2. Málavextir (lýsa málavöxtum í stærstu dráttum):
Leikur í 2. flokki karla sem fram fór 1. september Selfoss-Haukar. Þegar stutt var í leik var forsvarsmanni Hauka tilkynnt að aðstoðardómarar væru á leiðinni. Síðan er tilkynnt að engir aðstoðardómarar verði á leiknum og mótmæltu forsvarsmenn Hauka því, en leikurinn fór samt sem áður fram án aðstoðardómara sem Haukar una ekki.
3. Tilvísun (til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu):
Reglugerð KSÍ gr.19.3 (Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi leikjum og mótum; b) Íslandsmót og bikarkeppni 2. flokks).
4. Röksemdir (hér þarf að rökstyðja kröfur aðila):
Samkv. reglugerð KSÍ er skylda að hafa aðstoðardómara á leikjum 2. flokks. Það er ljóst að dómari leiksins er ekki í aðstöðu til að sinna einnig störfum aðstoðardómara, því er ljóst að þetta hefur áhrif á leikinn og úrslit hans.
5. Sönnunargögn:
(gera þarf grein fyrir þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum):
Leikskýrsla KSÍ
6. Vitni (nafngreina þarf vitni sem kærandi mun kalla til skýrslutöku):

Nafn: Ágúst Haraldsson

Kennitala: 210876-3409

Heimilisfang: Daggarvellir 6a, 221 Hafnarfjörður.

Nafn: Þórhallur Dan Jóhannsson

Kennitala: 051272-4399

Heimilisfang: Hraunbæ 52, 110 Reykjavík.

Undirskrift:

f.h. Hauka

J. Þ. Skúla
Formaður knöttsp. d.

Greinargerð Selfoss

Ég undirritaður er bæði þjálfari og ábyrgðarmaður Selfoss 2.flokks karla þennan umrædda leik.

Ég vill byrja á því að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þessa kæru sem er byggð á fölskum forsendum og lygum. Mín samskipti við þjálfara og ábyrgðamann 2.flokks karla í Haukum þennan umrædda leik bar engan vott um mótmæli eða óskir um að leikurinn færi ekki fram þótt að aðstoðardómara hafi vantað. Þvert á móti voru þessir aðilar mjög skilningsríkir og almennilegir og vildu "**gera allt gott úr hlutunum**" svo leikurinn gæti farið fram. Enda kom það einnig sterklega fram í samræðum mínu við þessa aðila Hauka að þetta mundi bitna jafnt á báðum aðilum!!!

Þegar ljóst var 10 mínútum fyrir leik að ekki gekk að fá tvo aðstoðardómara þrátt fyrir margar hringingar aðstoðardómarans sem mættur var, ræddi ég við dómara um að hann skildi ræða þessa stöðu sem komin var upp við þjálfara og ábyrgðarmann Hauka og bjóða þeim að taka endanlega ákvörðun um hvað gera skildi. Ég sjálfur gaf leyfi fyrir hönd Selfoss að spila án aðstoðardómara enda mundi það koma jafnt niður á báðum liðum. En ég lagði þetta til endanlegrar ákvörðunar hjá dómara og ábyrgðarmanni Hauka.

Ég ræddi einnig við þjálfara og ábyrgðarmann Hauka og baðst afsökunar fyrir hönd Selfoss og var jafn óánægður og þeir/Haukar með þessa stöðu sem komin var upp. En eins og ég sagði hér í innganginum þá fann ég fyrir miklum samstarfsvilja og jákvæðni og vildu þeir gera gott úr hlutunum og treystu dómara um fyrir verkinu. Það samkomulag var gert með fullri vitund dómara og beggja ábyrgðarmanna liðanna Selfoss og Hauka, enda hefði leikurinn aldrei verið spilaður ef mótmæli eða kröfur um það hefði komið fram frá Haukum!!

Það skal einnig koma fram að dómariinn dæmdi leikinn mjög vel miðað við að vera án aðstoðardómara og það hafði engin áhrif á gang leiksins eða úrslit hans.

Ef þjálfarar og ábyrgðarmaður Hauka sem skrifa á skýrsluna í þessum leik (Ágúst og Þórhallur) leggja fram þessa kæru með þessu orðalagi sem þar stendur, þá ljúga þeir einfaldlega að KSÍ!! Ég tel það mjög alvarlegt mál þegar ábyrgðarmaður ætlar að kæra eitthvað sem hann var þegar búin að samþykkja!! En ef á hinnbógin það eru aðrir aðilar innan Hauka sem kæra þetta þá skil ég orðalagið, því það getur ekki hafa komið frá þeim aðilum sem voru að ræða við mig, aðstoðarmenn mína og dómara leiksins. Það er mjög alvarlegt mál ef svo er að menn búa til aðstæður til að fá sigur eða möguleika til að breyta úrslitum með því að ljúga!!

Einnig vitna ég í samræður (sjá greinargerð frá Óskari Arilíussyni) sem mínir aðstoðarmenn áttu við þjálfara og ábyrgðarmann 2.flokks Hauka **FYRIR** þennan umrædda leik 1.september 2010.

Þessi greinargerð er skrifuð af fullum heiðarleika með von um að réttlætið verði látið standa.

Með vinsem og virðingu,
Selfossi 10.september 2010

Jón Pétur Róbertsson þjálfari/ábyrgðarm. 2.fl.karla Selfoss

Efni: Athugasemdir Knattspyrnudeildar Selfoss við kærðu Hauka.

Almennt.

Knattspyrnudeild Selfoss (Selfoss) mótmælir kærðu Hauka, sem barst KSÍ þann 6. september s.l., þar sem kært er meint ástandsbrof vegna kappleiks Selfoss og Hauka í 2. flokki karla sem fram fór á Selfossvelli þann 1. september s.l.

Kröfugerð.

Af hálfu Selfoss er sú krafa aðallega gerð að kærúnni verði vísað frá en til vara hafnað og að úrslit leiks Selfoss og Hauka í 2. flokki karla þann 1. september s.l. standi óbreytt.

Málsástæður.

Af hálfu Selfoss er vísað til eftirfarandi málsástæðna til stuðnings kröfugerð félagsins:

1. Samkvæmt efni kærðu er verið að kæra meint *ástandsbrof*, þ.e. að línuverðir hafi ekki verið til staðar. *Engar athugasemdir* voru hins vegar bornar fram við dómara leiksins af hálfu forráðamanns kæranda eða fyrirliða *fyrir leikinn*. Af því leiðir að kærandi fyrirgerði þar með rétti sínum til að kæra meint brof, sbr. gr. 38.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nr. 3, 2010. Ber því að vísa kærúnni frá. Áritun á leikskýrslu um línuverði var einungis gerð af dómara sjálfum til upplýsingar.
2. Verði ekki fallist á kröfu Selfoss um frávisun ber að hafna kærúnni með vísan til þess að forráðamaður kæranda og/eða fyrirliði gerði ekki athugasemdir við að leikurinn myndi fara fram, þrátt fyrir að línuverðir væru ekki til staðar. Hafi það verið ætlun kæranda að gera athugasemdir hefði viðkomandi borið að gera það fyrir leik við dómara og setja fram kröfu um frestun leiksins. Það var ekki gert, enda leikurinn síðan spilaður.
3. Þá ákvað dómari sjálfur að leikurinn skyldi fara fram án aðstoðardómara, þar sem athugasemdir voru ekki gerðar af hálfu Hauka. Það er því ekki hægt að fallast á kröfur kæranda.
4. Öll sönnunarbyrði um að athugasemdir hafi verið gerðar hvílir á kæranda. Ljóst er að gegn andmælum Selfoss og dómara hefur kæranda ekki tekist að færa fram sönnur fyrir því að athugasemdir hafi verið gerðar við dómara fyrir leik.
5. Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að forráðamenn liðanna gerðu ekki athugasemdir við að leikurinn skyldi leikinn án aðstoðardómara. Það var báðum liðum ljóst. Um leið og leikur er leikinn við þessar aðstæður hafa liðin fyrirgert rétti til að gera athugasemdir og setja fram kærðu. Hafi kærandi raunverulega haft vilja til að mótmæla umræddu ástandsbrofi hefði forráðamaður kæranda átt að synja því að leika leikinn við þessar aðstæður. Það var ekki gert.
6. Hvað sem því líður er ljóst að ekki er hægt að fallast kröfur kæranda um að leikurinn skuli leikinn að nýju. Engin gögn hafa verið færð fram um það hvort eða hvaða áhrif það hafi haft á leikinn að aðstoðardómarar voru ekki til staðar. Leikurinn endaði með sigri Selfoss með tveimur mörkum gegn engu. Jafnvel þó að kæranda tækist að sýna fram á að athugasemdir hefðu verið settar fram fyrir leik við dómara, sem hann hefur ekki gert, þá var leikurinn engu að síður leikinn með samþykki fyrirsvarsmanna beggja liða. Af því leiðir að ekki er unnt að gera þá kröfu að leikurinn verði leikinn að nýju. Það brof sem hér um ræðir gæti einungis við þessar aðstæður leitt til áminningar eða lægstu sektar. Til slíks getur hins vegar ekki komið, þar sem samþykki forráðamanna beggja liða lá fyrir, auk þess sem engin slík krafa er gerð af hálfu kæranda.

Vitni.

Af hálfu Selfoss er vísað til eftirtalinnna vitna sem verða kölluð til skýrslutöku og hafa gefið skriflegar skýrslur, sem fylgja greinargerð þessari:

- Sigurður Orri, dómari.
- Jón Pétur Róbertsson, þjálfari.
- Óskar Arilíusson, liðsstjóri 2. flokks.

Niðurlag.

Að lokum skal tekið fram að Selfoss hefur ætíð kappkostað að fylgja reglum KSÍ um knattspyrnumót og þykir miður að annar aðstoðardómari hafi forfallast umrætt sinn. Hins vegar voru ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu kæranda fyrir leik og leikurinn leikinn með samþykki fyrirvarsmanna beggja liða. Úrslit leiksins skulu því standa.

Virðingarfyllt,
F.h. Knattspyrnudeildar Selfoss
Sveinbjörn Másson, framkvæmdastjóri

Miðvikudaginn 1. sept. fór fram leikur Selfoss - Haukar á Selfossvelli, skömmu fyrir leik kom í ljós að aðeins annar af aðstoðardómurinum var mættur og var reynt eftir fremsta megni að redda öðrum aðstoðardómara fyrir leikinn en það gekk því miður ekki. Var þá ákveðið að dómari leiksins mundi dæma leikinn án aðstoðardómara og eftir því sem ég best veit gerði hvorugt lið athugasemd við það. Þegar undirritaður og Þórhallur Dan. voru að ganga til leiks ræddi ég við Þórhall, og sagði honum að mér findist þetta lélegt af okkar Selfoss hálfu og það hann afsökunar á þessu, þá sagði Þórhallur orðrétt, "blessaður vertu við gerum bara gott úr þessu" og síðan hófst leikurinn. Þess vegna á ég mjög bágð með að trúna því að knattspyrnumaður jafn gamall í hettunni og Þórhallur er skuli núna koma fram með þessa kæru, miðað við þessi ummæli sem hann lét falla í þann mund sem leikurinn var að hefjast.

Með íþróttakveðju.
Óskar Valberg Arilíusson
liðsstjóri 2. flokks í þessum leik.

Greinargerð dómara

Þegar mér varð ljóst að einungis einn línuvörður var til taks gaf ég mig til máls við forráðamenn beggja liða og sagði þeim frá stöðunni. Þjálfari Hauka lagði til að varamenn beggja liða myndu skipta línuvörslunni á milli sín en þjálfari Selfoss neitaði því og sagði að verið væri að vinna í því að finna annan línuvörð. Þá lagði ég til að leikurinn yrði hafinn með enga línuverði svo að bæði liðin myndu spila við sömu aðstæður og samþykktu forráðamenn beggja liða þá tillögu. Byrjaði ég þá leikinn og í hálfleik bólaði ekkert á hinum línuverðinum. Ekkert bólaði síðan á línuverðinum það sem eftir lifði leiks.

Leikurinn sjálfur bauð upp á það að hafa enga línuverði, var þetta mjög rólegur leikur þar sem lítið gerðist fyrir utan þessi tvö mörk sem Selfoss skoraði. En samkvæmt reglum þá hefði ég aldrei átt að láta leikinn fara fram en ég vill taka það fram að ástæðan fyrir því að Selfoss vann leikinn var ekki sú að það voru engir línuverðir heldur sú að þeir voru töluvert betri heldur en Haukar í þessum leik.

Mbk.
Sigurður Orri Baldursson

Úrskurður Aga- og áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2010, þriðjudaginn 14. sept., er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2010

Knattspyrnudeild Hauka
gegn
Knattspyrnudeild Selfoss

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Hauka
Fyrirvarsmaður: Jón Björn Skúlason

Kærði:

Knattspyrnudeild Selfoss
Fyrirvarsmaður: Sveinbjörn Másson

Mál þetta var móttakið af skrifstofu KSÍ þann 6. sept s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 11. sept. sem og yfirlýsing frá þjálfara kærða dags. 10.sept og dómara leiksins sama dag.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Selfoss og Hauka í 2. fl. karla sem fram fór þann 1. sept. 2010 verði gerð ómerk og leikurinn endurtekinn á heimavelli kæranda.

Kærði krefst þess að kærinni verði vísað frá en til vara að úrslit leiksins standi óbreytt.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að ofangreindur leikur Selfoss og Hauka hafi farið fram þann 1. sept. Þegar stutt var í leik var forsvarsmanni kæranda tilkynnt að aðstoðardómarar væru á leiðinni. Síðan hafi þeim verið tilkynnt að engir aðstoðardómarar yrðu á leiknum og hafi forsvarsmenn kærða mótmælt því en leikurinn samt farið fram án aðstoðardómara.

Kærandi vísar til 19. gr. 3. tl. reglugerðar KSÍ þar sem fram kemur skylda að hafa aðstoðardómara á leikjum 2. flokks. Það sé ljóst að dómari leiksins hafi ekki verið í aðstöðu til að sinna einnig störfum aðstoðardómara og þetta hafi haft áhrif á leikinn og úrslit hans.

Kærði staðfesti í greinargerð sinni að ofangreindur leikur hafi farið fram án aðstoðardómara. Hins vegar hafi dómari sjálfur ákveðið að leikurinn skyldi fara fram án aðstoðardómara og ekki hafi verið gerðar athugasemdir við það af hálfu kæranda.

Kærði vísar máli sínu til stuðning í 38. gr.1. tl. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Jafnframt tekur kærði fram að hafi kærandi haft raunverulegan vilja til að mótmæla umræddu ástandsbroti hefði forráðamaður kæranda átt að synja því að leika leikinn við þessar aðstæður. Það hafi ekki verið gert.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að engir aðstoðardómarar dæmdu umræddan leik. Dómari leiksins hefur gefið skýrslu og þar kemur fram að þegar ljóst hafi verið að einungis einn línuvörður hafi verið til taks hafi hann lagt til að leikurinn yrði hafinn með enga línuverði svo að bæði liðin myndu spila við sömu aðstæður og hafi forráðamenn beggja liða samþykkt þá tillögu.

Þessi framburður dómara nýtur stuðnings í frásögn forráðamanna kærða í málinu.

Í 38. gr. 1. tl. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir; „Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar og annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðmanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot“.

Þessi regla er mjög skýr. Gegn andmælum kærða og dómara leiksins veður ekki fallist á að kærandi hafi tekist að færa sönnur á það að athugasemdum hafi verið komi á framværi við dómara fyrir leik. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda.

Úrslit leiks Selfoss og Hauka í 2. flokki karla sem fram fór þann 1. sept. 2010 standa óhöggð.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Selfoss og Hauka í 2. Flokki karla sem fram fór þann 1. sept 2010 skulu standa óhöggð.

Helgi R. Magnússon

Halldór Frímannsson

Sigurður I. Halldórsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.